

Hin hagsýna húsmóðir

049

Nú er nokkur ár liðin síðan Kvinnalistinn haslaði sér völl í íslenskum stjórnmálum. Var ekki vanþörf á. Konur áttu erindi í pólitík en höfðu að mestu verið hundsáðar af gömlu flokkunum sem aldrei hafa skilið hin mjúku gildi og aldrei haft skilning á viðhorfum kvenna. Kvinnalistinn bauð fram í nafni hinnar hagsýna húsmóður og fékk fljúgandi byr bæði hjá körlum og konum í kosningum vegna þess að þjóðin metur hina hagsýnu húsmóður að verðleikum.

Fulltrúar húsmóðurrinnar komust á þing og fóru að láta að sér kveða og svo fóru karlarnir að tala um álver og stóriðju og orkuver og hin hagsýna húsmóðir var rekin upp í horn og mátti sín einskis í öllum þessum stóriðjudraumum. Um tíma leit út fyrir að stóriðjan yrði að veruleika en kvinnlistakonur sátu við sinn keip og þar kom að álfurstarnir lýstu yfir því að þeir hefðu ekki efni á því að byggja álver á Íslandi og þjóðin lagðist í sorg og sít. Allir nema hin hagsýna húsmóðir.

Húsmæðurnar á þingi léku við hvern sinn fingur og fögnuðu því ákaft að álver væri úr sögunni og hafa ekki farið dult með þá skoðun

sína að kreppan væri kærkomið ástand sem hentaði hinni hagsýnu húsmóður. Sannaðist enn í þeirri pólitísku stöðu að sjónarmið húsmæðranna áttu erindi á Alþingi og það var kominn tími til að einhver rödd heyrðist hér á landi sem telur kreppuástand af hinu góða. Það er alveg makalaust hvað karlar hafa fengið að vaða áfram með þau sjónarmið að hér þurfi að vera atvinna og hér þurfi að nýta auðlindir og að hér þurfi að auka hagvöxt og kaupmátt. Viðhorf hinnar hagsýnu húsmóður eru einmitt fölgin í því að halda verndarhendi yfir landinu óskertu og koma í veg fyrir mengun og röskun og varðveita mannlífð eins og það var á árum áður, svo fólk geti lifað í sátt og samlyndi og kröpp kjör í samræmi við lífshætti Íslendinga fram eftir öllum öldum.

Nú eru að vísu góð ráð dýr þegar álver kemur ekki og hundruðum manna er sagt upp störfum og hin hagsýna húsmóðir þarf að sjá fyrir fæði og klæði barna sinna og eiginmanna sem ráfa um atvinnulausir og tekjulausir. En hin hagsýna húsmóðir kann ráð við því. Hún segir að nú eigi þjóðin að taka lán, stórt erlent lán, og þá sé enginn vandi að halda þessari þjóð á floti



og una við kreppuna.

Forsætisráðherra segir að það sé óráð að taka lán. Þjóðin sé nógu skuldug fyrir. Hann segir það ekki góða búmennsku eða hagsýni að eyða meiru en aflað er og vill ekki taka lán. Menn verða að sníða sér stakk eftir vexti, segir forsætisráðherra og talar eins og hálfgerður bjálfi. Sér maðurinn ekki hagsýnina í því að slá lán úr því að hann

á ekki fyrir matnum handa börnum sínum og burum? Veit hann ekki að hin hagsýna húsmóðir gefur dauðann og djöfulinn í alla sparsemi og þarf á sínu að halda? Hin hagsýna húsmóðir vilar það ekki fyrir sér að bæta við skuldirnar ef hún á ekki fyrir nauðsynjunum. Sjá ekki allir hvernig þjóðin lifir á kreditkortum og víxlakaupum og svo hafa margir karlar fyrir sið að

slá og slá þangað til þeir fara á hausinn? Sjálfsagt búa þeir við konuríki, þar sem hin hagsýna húsmóðir rekur karlinn í bankann til að slá lán og heimtar að hann fari á hausinn til að húsmóðirin eigi nóga aura í buddunni.

Þessi fjármálastefna hefur verið ráðandi á heimilum og í fyrirtækjum og reyndar hjá ríkissjóði einnig og hin hagsýna húsmóðir hefur eignast talsmenn á Alþingi sem segja þetta þjóðráð að slá stórt erlent lán fyrir útgöldunum. Hvers vegna hlustar ekki forsætisráðherra á Kvinnalistann? Hvers vegna vill ríkisstjórnin ekki fara að ráðum kvinnastéttarinnar og húsmæðranna sem túlka hagsýnina á þann veg að kreppa sé af hinu góða vegna þess að menn geti lifað af lánunum?

Dagfari hefur sagt það og segir það enn að Kvinnalistinn veit hvað hann syngur og hagsýn húsmóðir mundi aldrei láta sér detta í hug að draga saman seglin þótt eitthvað bjáti á. Þær mæla með stóru, stóru erlendu láni og svo geta börnin og komandi kynslóðir haft veg og vanda af því að borga þær skuldir. Den tid, den sorg. Það er hagsýnin sem blifur.

Dagfari